

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1142. tbl - 25. árg.

9. janúar 2025



Jólin kvödd á þrettánda degi jóla

Hin árlega þrettándagleði Lionsklúbbana í Ólafsvík var haldin 6. Janúar og voru jólin kvödd með krafti líkt og hefð er fyrir. Bæjarbúar fjölmenntu í skruðgöngu sem hófst við Pakkhúsið. Álfakóngur og álfadrottning leiddu gönguna út Ólafsbrautina og inn að brennu ásamt lög-reglu og slökkviliði sem sá einnig um brennuna að göngu lokinni. Tónlist ómaði um svæðið á meðan brennan heillaði unga sem aldna. Viðburðinum lauk sem árlegri flugeldasýningu Lionsklúbbs Ólafsvíkur sem var stórglæsileg



að vanda. Vel viðraði á þrettándanum til að sníkja gott í gogginn sem er hápunktur dagsins fyrir krakkana. Allskonar furðuverur, prinsessur og ofurhetjur gengu því húsa á milli fram á kvöld í leit að sætindum. Uppskeran var góð enda mörg þeirra búnin að þræða allar götur bæjarins.

Í Grundarfirði var haldið þrettándagleði í Þríhyrningnum til þess að kveðja jólin í góðum fé-

lagsskap. Heitt kakó og smákökur voru í boði og börnin gátu grillað sér sykurpúða á varðeldi sem Þorkell Gunnar Þorkelsson hafði útbúið fyrir tilefnið. Skólakórinn söng falleg lög undir stjórn Grétu Sigurðardóttur áður en björgunarsveitin Klakkur bauð upp á flugeldasýningu. Eftir dagskrána bauð Grundarfjarðarbær öllum í sund en frítt var ofan í lauginna á milli 18:00-21:00 þennan dag.



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Þorrablót í Klifi



Viðburðarríkt ár að baki,
Þorrablótsnefnd ætlar að gera það upp
á Þorrablóti á Klifi 1. febrúar 2025.

Takið daginn frá.

Árið 2024 kvatt í góðu veðri

Á gamlárskvöld var haldin árleg áramótabrenna á Breiðinni. Hjálmar Kristjánsson, brennstjóri, stýrði vígalegri brennuni líkt og hefð er fyrir. Mikil fjöldi fólks safnaðist saman til þess að njóta brennunnar í góðum félagskap. Sungið var saman, kveikt á stjörnuljósum og þegar líða fór að kvöldið bauð björgunarsveitin Lífsbjörg viðstöddum upp á glæsilega flugeldasýningu. Þröstur Albertsson fangaði þessa mynd af sýningunni en að henni lokinni færðu bæjarbúar hátíðarhöldin heim þar kvatt var 2024 og árinu 2025 tekið fagnandi. Það viðrar einstaklega vel fyrir flugelda á gamlárskvöld og þegar klukkan sló 12 og nýja árið gekk í garð var algjör stilla og flugeldar lýstu upp himinn.

SJ



Ósóttir vinningar í happdrætti



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur var haldið í Klifi að morgni aðfangadags og var meðfylgjandi mynd tekin rétt áður en úrdráttur hófst, aðeins var dregið úr seldum miðum en uppselt var í happdrættinu. Eins og oft áður þá voru ekki allir vinningar sóttir þegar dregið var, hægt verður að nálgast

ósótta vinninga út janúar í verslun Hampiðjunnar að Ólafsbraut 19, opið er 8-17 virka daga og 8-16 á föstudögum.

Ósótt númer eru:
228 262 360 607 674 737 796
1014 1224 1468 1663 1664 1692
1819 2081 2235



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Hrannarstígur 36

Grundarfjarðarbær auglýsir til sölu fasteignina að Hrannarstíg 36, Grundarfirði.

Um er að ræða steinsteypt raðhús, 88,3 m² á einni hæð með bílskúr, byggingarár 2004. Húsið er hluti af sjö íbúða raðhúsi og eru hinar íbúðirnar í eigu Grundarfjarðarbæjar, með fyrirkomulagi búseturéttaríbúða fyrir eldri borgara. Kvöð er um að kaupendur og notendur eignar skuli vera 60 ára eða eldri.

Ásett verð er 39,5 millj. kr.

Óskað er eftir að tilboð berist í eignina fyrir kl. 15:00 miðvikud. 22. janúar 2025.

Opið hús verður í eigninni, 9. janúar nk. kl. 17-18 og 11. janúar kl. 13-14.

Nánari upplýsingar um eignina og fyrirkomulag tilboðsgerðar, gjöld, skoðunarskyldu o.fl. í auglýsingu á vef bæjarins, www.grundarfjordur.is

Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar



Grundarfjarðarbær



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Jólahús Snæfellsbæjar



Líkt og áður óskaði menningarnefnd Snæfellsbæjar eftir tillögum frá íbúum um hvert jólahús Snæfellsbæjar skyldi vera árið 2024. Fjöldi tillaga barst frá íbúum um hvaða hús í Snæfellsbæ þótti fallega skreytt í tilefni jólahátíðarinnar og við yfirferð á innsendum tillögum kom í ljós að meirihlutinn var sammála. Það voru Kolfinna og Vignir ásamt börnum sínum við Ennisbraut

21 sem áttu vinninginn í ár fyrir fallega jólaskreytingu. Helga Jóhannsdóttir og Kristín Arnfjörð færðu fjölskyldunni viðurkenninguna fyrri hönd menningarnefndar Snæfellsbæjar á Þorláksmessu. Á meðfylgjandi mynd tekur Kolfinna á mót viðurkenningu nefndarinnar ásamt börnum sínum, Rakel, Hauki og Haraldi.

SJ



Skálasnagi, Öndverðarnes og Skarðsvík í Snæfellsjökulspjóðgarði

Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti lýsingu og matslýsingu á fundi sínum 5. desember 2024 fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík í Snæfellsjökulspjóðgarði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er innan Snæfellsjökulspjóðgarðs og þekur um 492 ha. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir bílastæðum við Öndverðarnes og Skarðsvík og nýju bílastæði við vegamót Öndverðarnes og Skálasnaga. Þá er gert ráð fyrir nýju bílastæði við gönguleið um Neshraun. Einnig er gert ráð fyrir því að festa í sessi núverandi bílastæði við gönguleið að Vatnsborgum, göngu- og upplifunarstígum ásamt salernisbyggingu við Skarðsvík. Gildandi deiliskipulag Skarðsvíkur verður fellt inn í fyrirhugað nýtt deiliskipulag fyrir stærra svæði.

Hægt er að skoða lýsinguna og matslýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málnúmeri: 1557/2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags frá 9. janúar 2025 til og með 30. janúar 2025.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is á málnúmer: 1557/2024.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt faí
Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar

Bella fannst eftir 138 tíma



Um klukkan 01.00 á nýársnótt týndist 11 mánaða Labradorinn Bella. Bella skaust út úr bíl eigenda sinna sem var staðsettur í Ólafsvík og hljóp á brott á meðan flugeldum var skotið upp í plássinu. Bella býr á Hellissandi og þekkti því ekki svæðið auk þess sem hún er hrædd við flugelda. Viðtæk leit hófst strax á nýársdag, í fyrstu sá fjölskylda Bellu um leitina en seinna tóku björgunarsveitirnar á Snæfellsnesi þátt í leitinni og sjálfbóðaliðasamtökin Dýrfinna, sem aðstoða týnd dýr að komast aftur heim til sín. Þar að auki var fjöldinn allur af bæjarbúum og nærsveitungum sem

tók virkan þátt í leitinni eða lét sig málið varða með öðrum hætti. Þann 6. janúar klukkan 18.30, eftir 138 klukkustunda leit, barst símtal frá manni sem hafði séð til hunds hlaupa í Draugagili uppi á Fróðárheiði. Leitarflokkur fór á svæðið og fannst Bella um klukkustund eftir að símtalið barst. Harpa Heiðrún Hannesdóttir, eigandi Bellu, segist ekki geta lýst þakklætinu yfir öllum stuðningnum og samstöðunni sem hún upplifði á þessum erfiða tíma og sendir þakki til allra þeirra sem hjálpuðu til við leitina og að koma Bellu aftur heim.

SJ

Útskrifað úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga



Föstudaginn 20. desember voru sjö nemendur útskrifaðir frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Var þetta í 39. skiptið sem útskrifað er frá skólanum en fyrsta útskriftin var í desember 2005.

Útskriftarhátíðin var með hefðbundnum hætti. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari útskrifaði nemendur og var síðan með ræðu þar sem hún ávarpaði nýstúdentana og fór yfir skólastarfið á önninni. Þá afhenti Sólrún

aðstoðarskólmeistari nemendum verðlaun fyrir góða árangur.

Magnús Már Leifsson 15 ára stúdent hélt ræðu, Loftur Árni Björgvinsson kennari hélt kveðjuræðu fyrir hönd starfsfólks og Hermann Oddsson hélt ræðu fyrir hönd nýstúdentana.

Að lokinni útskrift þáðu nýstúdentar, aðstandendur, starfsfólk og aðrir velunnarar veitingar í sal skólans.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Jólaball í Klifi



Sunnudaginn 29. desember var sameiginlegt jólaball á vegum félagsamtaka í Snæfellsbæ haldið í Klifi. Komu þar saman fjöldinn allur af börnum sem troðfylltu dansgólfið ásamt foreldrum og forráðamönnum og gengu í krinum jólatréð. Olga Guðrún Gunnarsdóttir söng við undirspil Magnúsar Höskuldssonar og gestir sungu með. Tekið var stutt pása fyrir kaffiveitingar áður en haldið

var aftur á dansgólfið og þar sungið og dansað til að lokka jólasveinana inn. Þrjár rauðklæddir vinir mættu og tóku sporið í kringum jólatréð með börnunum áður en þeir náðu í góðgæti í pokana til að gefa spenntum börnunum. Það voru Kvenfélag Ólafsvíkur, Kvenfélag Hellissands, Lionsklúbbur Rán og Lionsklúbbur Nesþinga sem koma að skipulagi og framkvæmd jólaballsins.

SJ



Malarrif, Svalpúfa og Vatnshellir í Snæfellsjökulspjóðgarði

Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti lýsingu og matslýsingu á fundi sínum 5. desember 2024 fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli í Snæfellsjökulspjóðgarði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er innan Snæfellsjökulspjóðgarðs og þekur um 276 ha. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi á Malarrifi er gert ráð fyrir útsýnispöllum, göngu- og upplifunarstígum, salernishúsi og að festa í sessi gestastofu og aðkomusvæði. Á þessu svæði er einnig grjótnáma og efnisgeymslusvæði sem gert er ráð fyrir að ganga frá auk vatnsbóls (brunnsvæðis). Við Svalpúfu er gert ráð fyrir að stækka bílastæðin og koma fyrir útsýnispöllum ásamt göngustígum sem mynda tengingar að Lóndröngum og Malarrifi. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er landnotkun við Vatnshelli staðfest og gert ráð fyrir mögulegum byggingareit vegna salerna.

Hægt er að skoða lýsinguna og matslýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri: 1558/2024.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags frá 9. janúar 2025 til og með 30. janúar 2025.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is á málsnúmer: 1558/2024.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt faí
Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarhúsa í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpiláta sem eru við heimili. skylirt er að hafa minst eitt ílát fyrir Lífúrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir Sorphirðugatali en er almennt á 21 dags fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang

240L	Tunna	25.000
360L	Tunna	38.000
660L	Kar	70.000
1100L	Kar	120.000

Ílát fyrir pappír

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir plast

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir matarleifar

35L	Ílát í tunnu	18.000
140L	Tunna	65.000

Gjald vegna breytingar á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna) 4.000

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnu gjöld, eru sem hér segir:

Sorpförgun – heimili	9.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	4.500
Rekstur grenndarstöðva – þéttbíli	1.500
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús	16.000
Endurnýjunargjald 140L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 240L tunnu	6.000
Endurnýjunargjald 360L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 660L Kar	21.000
Endurnýjunargjald 1100L Kar	32.000
Komugjald á Gámastöð*	2.000
Gjald vegna auka losunar	10.000

*Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500.- við hverja heimsókn á gámastöð.

5. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1477/2023.



Snæfellsbær, 5. desember 2024

Um áramót



Ágætu lesendur Jökuls, eins og hefð hefur skapast um, mun ég fara yfir árið 2024 hér í Snæfellsbæ.

Innanlands þá eru það jarðhræringarnar á Reykjanesi sem standa upp úr á árinu. Það er erfitt að setja sig í spor fólks sem hefur þurft að yfirgefa heimili sitt og bæjarfélag. Ég finn mikið til með Grindvíkingum sem búa við gríðarlega óvissu sem engin leið er að spá um hvenær líkur.

Á árinu kusum við okkur nýjan fasetta og óska ég henni alls hins besta. Það var óvænt boðað til alþingiskosninga í lok árs og ný ríkistjórn er komin að völdum og vil ég nota þetta tækifæri og óska þeim velfarnaðar í þeirra störfum. Í kjölfar kosninganna í vetur spratt upp umræða um að jafna þurfi vægi atkvæða á Íslandi. Þessi umræða hefur farið svolítið fyrir brjósti að mér enda tel ég góð rök fyrir því að vægi atkvæða sé með þeim hætti sem nú er. Það þyrfti ansi mikið að breytast í þjónustu hins opinbera á landsbyggðinni ef við ætluðum að tala um jöfnuð á milli höfuðborgar og landsbyggðar á öllum sviðum.

Í heiminum öllum og ekki síst í Evrópu geysa stríð og ógn um frekari stríðsrekstur. Í ljósi sögunnar þar sem stríð hafa aldrei skilað neinu góðu,

einungis hörmungum og fórnunum á öllum sviðum, hefði maður nú haldið að stríð væru nú ekki eitthvað sem við þyrftum að takast á við í nútímanum. Staðan er nú samt sem áður sú og maður getur bara vonað að menn sjái að sér á nýju ári, sýni hvert öðru umburðarlyndi og samkennd og stefni að því að lifa í sátt og samlyndi

Annars leggst nýtt ár vel í mig það er margt spennandi framundan á nýju ári og tækifærin fjölmörg í okkar góða landi.

Þjóðgarðurinn

Enn og aftur er þjóðgarðurinn okkar að sanna gildi sitt og kom mikill fjöldi ferðamanna í þjóðgarðinn á þessu ári. Mikill fjöldi heimsótti gestastofuna á Malarrífi og mikil fjöldun varð á fjölda þeirra sem komu í Þjóðgarðasmíðstöðina á Hellissandi en þar var aukning gesta á milli ára tæplega 250%. Þjóðgarðurinn er einn af stóru seglunum okkar hér á Snæfellsnesi/Vesturlandi og hef ég mikla trú á að hann verði svæðinu okkar áfram sú stoð sem við getum stólað á í móttöku ferðamanna á svæðinu.

Hátíðarhöld

Á árinu var Sandaragleðin haldin

og tókst hún með miklum ágætum og alltaf gaman þegar fólk hittist og gerir sér gláðan dag.

Umhverfismál

Umhverfismálin eru okkur Snæfellingum alltaf ofarlega í huga. Á árinu fór mikil vinna fram á vegum Svæðisgarðsins í umhverfismálum. Unnið var í umsókn um að Snæfellsnes verði Unesco MAB svæði vonandi næst það markmið á þessu ári.

Við höldum áfram vinnu við Earth Check og fengum enn eitt árið viðurkenningu fyrir þá góðu vinnu sem fram fer hér á svæðinu í umhverfismálum.

Framkvæmdir í bæjarfélaginu

Eins og undanfarin ár var mikið um framkvæmdir í Snæfellsbæ bæði á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila og ætla ég að fara yfir þær hér að neðan.

Eins og á liðnu ári var höfuðáherslan í framkvæmdum ársins viðhaldsframkvæmdir á eignum sveitarfélagsins

Framkvæmdum lauk við Höllina í byrjun árs, hús eldri borgara og var hún formlega tekin í notkun 1. febrúar að viðstöddu miklu fjölmenni. Ég batt miklar vonir við húsið og starfsemi þess en ég verð að viðurkenna að bæði húsið og starfið hefur farið frammúr mínum björtustu vonum. Þarna er rekiðafar öflugt og lifandi starf á vegum Félags eldri borgara í Snæfellsbæ sem er þeim til mikils sóma. Höllin hefur vakið mikla athygli og margir hafa komið á árinu til að skoða húsið og starfsemi þar sem afar góður rómur hefur verið gerður af starfsemi og ber að þakka félögum í Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ fyrir þeirra frábæru vinnu og elju.

Unnið var við nýja viðbyggingu við grunnskólann á Lýsuhóli, þeirri vinnu lauk að mestu á árinu og er húsið komið í notkun en eftir er að ganga frá lóð og ýmsu smáu og bindum við vonir við að klára þær framkvæmdir á þessu ári.

Við tókum formlega í notkun nýja stóra vatnsrennibraut í sundlauginni í Ólafsvík sem hefur notið mikillar hylli hjá unga fólkinu. Auk þess voru framkvæmdir á útisvæðinu við laugina.

Farið var í framkvæmdir við lóð leikskólans á Hellissandi og var þá skipt um allt undirlag undir leiktæki og tókst sú framkvæmd vel. Farið var í að mála leikskólann í Ólafsvík og jafnframt farið í að stækka leik-

skólann og verður sú bygging tilbúin nú í janúar.

Endurnýjuð voru þök ípróttahússins í Ólafsvík og Félagsheimilisins Klifs en á bæði húsin var settur nýr þakdúkur.

Við höfum framkvæmdir við nýjan inngang á Dvalarheimilinu Jaðri og verður sú bygging tilbúin í byrjun þessa árs.

Það fór mikill tími og töluvert fjármagn á árinu í nýtt sorphirðkerfi en farið var í það að fjölga sorptunnum heim við hús og settar upp grenndarstöðvar. Með hinu nýja kerfi er búið að koma sorpmálum í sveitarfélaginu í fullt samræmi við lög er varðar sorphirðu. Jafnframt keypti sveitarfélagið sorpmóttökustöðina Enni.

Farið var í að mála utanhúss nokkrar fasteignir sveitarfélagsins á árinu.

Farið var í gluggaskipti í Ráðhúsi sveitarfélagsins, einnig var skipt um glugga í Líkn á Hellissandi.

Nokkrar gangstéttir voru endurnýjaðar á árinu.

Á Arnarstapa voru bílastæði máluð og merkt.

Haldið var áfram við að endurnýja ljósabúnað í götuljósnum sveitarfélagsins og sett upp led lýsing en það mun taka nokkur ár að klára það verk.

Framkvæmdir hafnarsjóðs

Árið var gott hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar og þar var landað rúmum 34.000 tonnum

Á vegum Hafnarsjóðs var unnið við stækkun trébrýggjunnar í Ólafsvík og lauk þeim framkvæmdum í haust, auk þess var dýpkað við nýju bryggjuna og lýkur þeim framkvæmdum nú í janúar. Unnið var við endurbætur og stækkun hafnarhússins og er þeim framkvæmdum að mestu lokið. Eins var unnið að ýmsum frágangi við bryggjuna á Norðurtanganum. Einnig var keyptur nýr löndunarkrani.

Í Rifshöfn var unnið við ýmis viðhaldsverkefni og keyptur var nýr löndunarkrani

Í Arnarstapahöfn var unnið við ýmislegt smáviðhald og bílastæði máluð og merkt.

Unnið var við sjöörn við Keflavíkurvör á Hellissandi og lauk því verkefni nú í haust. Nú verður hægt að klára að koma fyrir göngustíg fyrir neðan Keflavíkina og verður þá kominn samfelldur göngustigur frá Ólafsvík út í Krossavík á Hellissandi. Einnig var unnið við sjöörn við Barðastaði á árinu og eins var unnið við lokafrágang á sjöörn við Hvalsá í Ólafsvík.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán stóðu fyrir flugeldasýningu á Þrettándanum.

Þessi fyrirtæki styrktu flugeldasýninguna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir:

	Sveinbjörn Jakobsson SH - 10			
			Rúný hf.	
	Verzlunin Hrud Ólafsvær 55 Sími: 436 1165			
				Útgerðarfélagið Haukur ehf.
Steinnun SH - 167		Guðmundur Jensson SH - 717		Litlálón ehf. Egill SH-195
	Ari Bjarnason Tannleknir			Bjartsýnn ehf. Brynja SH - 237
	HG Lagnir 869-9362			
				

Listir og menning

Mikilvægi lista og menningar hér í Snæfellsbæ er mikið og skiptir samfélagið miklu máli. Við finnum held ég öll þau jákvæðu áhrif sem menningin hefur á okkar samfélag. Á undanförunum árum hefur aðgengi íbúa að listum og menningu aukist hér heima. Á árinu höfum við notið starfsemi Frystiklefans eins og mörg undanfarin ár. Galleríð 3 Veggir á Hellissandi bauð uppá margar listsýningar á árinu.

Á árinu bættust tvö falleg verk við í flóru útilistaverka hjá okkur.

Kvenfélag Ólafsvíkur setti upp fallegt og litríkt útilistaverk við Gilið í Ólafsvík sem kallast „Gleði – Framtíð“ eftir listamanninn Sigurð Guðmundsson. Verkið setti félagið upp til að minnast þess að félagið stofnaði og rak fyrsta leikskólann í Ólafsvík og jafnframt til að minnast 70 ára afmælis félagsins sem var 2020.

Sett var upp listaverk á Sáinu í Ólafsvík eftir listamanninn Erró,

Guðmund Guðmundsson í tilefni 30 ára afmælis Snæfellsbæjar. Verkið gaf listamaðurinn sveitarfélaginu en eins og flestir þekkja þá er Ólafsvík fæðingarstaður hans. Þetta er fallett verk sem er einkennandi fyrir mörg hans verk.

Auk þess sem hér hefur verið talið upp er eftirtektarvert frumkvæði íbúa og fyrirtækja í fjölgun vegglistaverka og sýningarhaldi ýmskonar.

Allt er þetta til þess að auka aðdráttarafl byggðarinnar og bæta lífsgæði íbúanna um það erum við örugglega öll sammála.

Ferðapjónusta, atvinnulífið og fleira

Mikill fjöldi ferðamanna kom í Snæfellsbæ á árinu og er gesta-fjöldinn að nálgast það sem var fyrir COVID. Var það ánægjulegt og sérstaklega í ljósi þess að veðrið hefur verið oft betra en þetta sumarið. Heilt yfir var um 12% fjölgun gesta sem kom til okkar þetta árið og þá er bæði

tekið tillit til umferðar, talna úr þjóðgarðinum og á tjaldstaðum Snæfellsbæjar. Tjaldsvæðin okkar voru mikið notuð og komu tæplega 19.500 gestir á þau á liðnu ári.

Í október kom nýtt og glæsilegt björgunarskip, Björg, til heimahafnar í Rífi. Og í lok ársins bættist við nýr öflugur bátur, Hildur SH 777, í flota Hraðfrystihúss Hellissands og er það alltaf afar ánægjulegt þegar ný skip bætast í flotann.

Fjármál og fleira

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er sterk á mælikvarða sveitarfélaga á Íslandi. Þessa stöðu hefur bæjarstjórn nýtt í framkvæmdir sem voru mjög miklar á árinu. Það að geta framkvæmt mikið og án þess að taka nýlán er ákveðið heilbrigðismerki í rekstri sveitarfélagsins og voru engin ný langtímalán tekin á árinu.

Á persónulegum nótum


Árið 2024 var merkilegt að mörgu leyti hjá mér. Það sem stendur uppúr er að ég eignaðist mitt fyrsta barnabarn og verð ég að viðurkenna að það að verða afi er mun skemmtilegra hlutverk en ég hafði gert mér grein fyrir. Sonur minn kláraði nám frá Háskóla Íslands með góðum árangri og það er alltaf gaman að sjá börn-

in ná árangri í þeim verkefnum sem þau takast á við. Ég fór í golf með Helgu minni en henni fannst ég þó full latur þetta árið hvað það varðar og stefnan er tekin á að bæta úr því á nýju ári. Ég naut þess að stússast í kindunum mínum með góðum vinum og ekki skemmdu allar þær ferðir sem voru farnar á árinu til að ná í kindur og þar var félagskapurinn ekkert síðri. Það eru í raun forréttindi að geta notið þeirrar fallegu náttúru sem svæðið okkar hefur upp á að bjóða og ekki verra að gera það í góðum félagskap og jafnframt að telja sig vera að gera eitthvað gagn.

Samstarf innan bæjarstjórnar var afar gott eins og undanfarin ár og mikil samstaða um þau stóru verkefni sem fyrir lágu á árinu. Þetta held ég að sé einn af mikilvægustu þáttum þess hversu vel okkur hefur gengið. Starfsmenn Snæfellsbæjar sig hafa staðið sig mjög vel á árinu eins og ávallt og erum við heppin að hafa á að skipa afar hæfum starfsmönnum sem skilar sér í góðum rekstri sveitarfélagsins

Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegs árs og þakka samstarfið á liðnum árum. Megi árið 2025 verða okkur öllum farsælt og gott.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrár hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

NÝÁRSHREINGERNING Á POTTINUM?

Hjá okkur færðu efni og áhöld til að halda heitapottinum hreinum.

LEIÐBEININGAR

Til þess að halda potti tandurhreinum, þarf að hugsa um pottinn í 2 mín á viku. Gott að taka t.d. laugardaga í það.

NR. 1 - TESTSTRIPS

Nota Teststrips, til þess að finna út hvað þú átt að gera. Teststrips mælir vatnið fyrir klórmagni og Ph gildi í vatninu.



NR. 2 - FLOTHOLT

Fylla flotholtið af klórtöflum eða brómtöflum (6 stk x 20 gr töflur). Flotholtið á alltaf að vera fljótandi í pottinum með töflum í.



NR. 3

- REFRESH

Notað Refresh eða Spa Shock, einu sinni í viku. Þá skal lokið tekið af pottinum og ein matskeið sett í pottinn. ATH. Lokið má ekki vera á pottinum í 15 mín. eftir að efnið er sett í pottinn.



NR. 4 - SÍUR

- Pappasíur eru rífflaðar, og þær þarf að taka úr pottinum í hverri viku og skola vel.
- Einu sinni í mánuði, þrifa pappasíurnar með hreinsiefnum og skola vel á eftir og setja aftur í pottinn. Pappasíur endast í eitt ár, þá þarf að skipta þeim út fyrir nýjar pappasíur.

EINNOTA SÍUR

Einnota síur þarf ekki að þrifa. Setja í pottinn og skipta um á 4 til 6 mánaða fresti.



ÁRLEG ÞRIF

- Nota Pipe Cleaner til þess að hreinsa allar lagnir í pottinum.
- Þegar potturinn er heitur, fjarlægja síur úr pottinum.
- Hella Pipe Cleaner í pottinn og láta dætur ganga í 3-4 klst.
- Pipe Cleaner er gott að hafa í pottinum yfir nótt.
- Tæma pottinn og skola vel út úr honum. Jafnvel fylla pottinn aftur með köldu vatni og tæma.

ÞEGAR SKIPT ER UM VATN

- Fjarlægja síur úr pottinum.
- Fylla á pottinn í gegnum síu hólfið. (verður að setja slönguna ofan í síuhólfið)
- Fylla vatn upp að höfuðþrúðum, eða ca. 10 cm frá efstu brún pottarins.
- ALLS EKKI gangsetja pottinn fyrr en potturinn er fullur af vatni.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Klórþottar. Skipta um vatn á 2.-3. mánaða fresti.

Saltvatnspottar. Skipta um vatn á 6 mánaða fresti.

Saltvatnspottur getur verið notaður sem klórþottur. Klórþottur getur EKKI verið notaður sem saltvatnspottur (vegna þess að klórþottur er ekki með saltvatnskerfi).

HAMPIÐJAN

Ólafsbraut 19 - Sími 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is